

NÁSA1NS05

Búið til: Sun, 28 Apr 2013 04:58:13 GMT

Titill

Náttúrusaga starfsbraut

Skammstöfun

NÁSA1NS05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

Náttúrusaga

Viðfangsefni

Náttúrusaga

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir samspili manns og náttúru. Megintilgangur áfangans er að viðhalda og styrkja forvitni og áhuga nemendanna á náttúrunni og umhverfi sínu, kenna þeim að skoða hluti og fyrirbæri í náttúrunni og styrkja orðaforða þeirra og þekkingu á jörðinni og lífinu sem þar er að finna.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- tengslum manns og umhverfis
- því að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma komandi kynslóða byggist á umgengi hans við náttúruna
- hugtökunum fæðukeðja og fæðuvefur og þekkja mismunandi hlutverk lífvera í þeim
- ljóstillífun og gildi hennar fyrir lífheiminn
- tengslum lífvera innbyrðis og við annað umhverfi sitt
- hvernig hreyfingar jarðar orsaka árstíðir og sjávarföll
- hvernig atferli dýra hefur áhrif á lífsafkomu þeirra og hæfni í til að lifa og fjölga sér
- að í öllum lífverum fer fram ákveðin starfsemi, svo sem hreyfing, næringarnám, úrgangslöslun, vöxtur og æxlun
- gera sér grein fyrir að líf myndast einungis af öðru lífi með kynlausri æxlun eða kynæxlun

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka virkan þátt í gagnrýninni umfjöllun um málefni er snerta náttúru, umhverfi mannsins og samspil vísinda, tækni og samfélags
- yfirfæra þekkingu, skilning og vinnubrögð í náttúrufræði á lausnir annarra verkefna hvort sem er innan skóla eða utan
- virðingu fyrir náttúrunni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir að dýr nærast á öðrum lífverum ...sem er metið með... skriflegum eða myndrænum verkefnum og kynningu
- kynnast og fylgjast með hegðun dýra, svo sem æxlun, félagslífi, umönnun, fari, óðalshegðun og leikjum ...sem er metið með... skriflegum eða myndrænum verkefnum og kynningu
- átta sig á áhrifum árstíðabundinna breytinga á lífríki ...sem er metið með... skriflegum verkefnum og kynningu
- gera sér grein fyrir að afkvæmi erfa eiginleika frá foreldrum sínum ...sem er metið með... skriflegum eða myndrænum verkefnum og kynningu
- þekkja manngert og náttúrulegt umhverfi, rata um það og kunna að njóta þess með útiveru ...sem er metið með... skriflegum eða myndrænum verkefnum og kynningu
- þroska með sér ábyrgðartilfinningu gagnvart sjálfbærri þróun þannig að hann geti lifað í samræmi við þá hugmyndafræði ...sem er metið með... skriflegum eða myndrænum verkefnum og kynningu
- geta útskýrt hugtökin fæðukeðja og fæðuvefur og þekkja mismunandi hlutverk lífvera í þeim ...sem er metið með... skriflegum eða myndrænum verkefnum og kynningu

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd